mannahöfn og skyldu leyfishafendur hafa fullnægt skyldum þeim, er leyfisbrjefið um getur, innan 30. septbr. þ. á. Með því að það er fyrirsjáanlegt, að hinn umgetni hlutafjelagsbanki verður eigi settur á stofn innan hins ákveðna frests, en það á hinn bóginn er óumflýjanlegt, að eitthvað sje gert til að bæta úr hinum mikla peningaskorti hjer í landinu, hefir alþingi samþykkt áðurgreind lög um, að, verði ekki af því að hinn umgetni hlutafjelagsbanki verði stofnaður innan 1. oktbr. þ. á., skuli landsbankanum í Reykjavík vera heimilt að stofna seðladeild, er gefa má út allt að 1 miljón króna í seðlum, er greiðist handhafa í gullmynt, og að öðru leyti með skilyrðum þeim, sem tekin eru fram í áðurnefndum lögum frá 7. júní f. á. § 4—7. 1

Með því að jeg verð að vera alþingi sammála um það, að gera verði svo fljótt sem hægt er ráðstafanir til þess að bæta úr peningaskortinum hjer í landinu, og með því að líklega er ekkert að athuga við ákvæði laganna, sem eru sniðin eptir optnefndum lögum frá 7. júní f. á. og lögum 19. septbr. 1885 um stofnun landsbanka, leyfi jeg mjer að mæla með því að leitað verði allrahæstrar staðfestingar á umrædd lög.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um flutning þingstaðar.** Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi, dagsettu 2. þ. m., meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Dyrhólahreppi í Vesturskaptafellssýslu, vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Vatnsskarðshólum á Skeiðflöt, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað. 2 30. jan.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um greiðslu á ómagameðlagi.** — Amtmaðurinn yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu hefir skotið til mín ágreiningi milli hreppsnefndarinnar í Andakílshreppi og bæjarstjórnarinnar á Akureyri um meðlag með óskilgetnu barni Þuríðar Gísladóttur, sem nú er gipt Emil nokkrum Petersen þurfalingi Akureyrarkaupstaðar. Hvorki bæjarfógetinn á Akureyri og sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu nje þið amtmennirnir hafið getað komið ykkur saman um úrslit máls þessa. 3 30. jan.

Barn þetta, sem fætt er 15. maí 1891, hefir verið á sveitarframfæri í nefndum hreppi gegn 60 kr. meðlagi um árið, eptir því sem virðist, samkvæmt skjölum málsins, með samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Meðlag þetta var goldið þannig frá 15. nóvember 1899 til 15. nóvbr. 1901: frá föðurnum Sigurði Jónssyni eða framfærslusveit hans Lundarreykjadalshreppi 45 kr., samkvæmt úrskurði amtmanns yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu 19. septbr. 1900, en af bæjarsjóði Akureyrar 15 kr. En með nýjum úrskurði 8. ágúst 1901 færði nefndur amtmaður niður fúlgu þá, sem faðirinn eða framfærslusveit hans greiða skyldi, í 35 kr. um árið frá 15. nóvbr. 1901 að telja, eptir að hafa fengið upplýsingar